



EYJAFJARÐARSVEIT

Reglur um afslátt á fasteignaskatti í Eyjafjarðarsveit vegna 2016

1. gr.

Tekjulágum elli- og örorkulífeyrisþegum sem eiga lögheimili í Eyjafjarðarsveit er veittur afsláttur af fasteignaskatti, samkvæmt reglum þessum, sbr. heimild í 4. mgr., 5. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

2. gr.

Rétt til afsláttar eiga íbúðareigendur í Eyjafjarðarsveit sem búa í eigin íbúð og:

- a) eru 67 ára á árinu eða eldri eða
- b) hafa verið úrskurðaðir 75% öryrkjar.

Afslátturinn nær eingöngu til þeirrar íbúðar sem viðkomandi býr í.

3. gr.

Hjón og samskattað sambýlisfólk fær afslátt þó einungis annar aðilinn uppfylli skilyrði 2. gr. Ef um fleiri en einn íbúðareigenda er að ræða að eign, sem ekki uppfylla skilyrði 1. mgr., er veittur afsláttur til þeirra sem uppfylla skilyrði 2. gr., í samræmi við eignarhluta þeirra.

Einnig er heimilt að lækka fasteignaskatt í allt að 3 ár hjá þeim sem flutt hafa úr eigin íbúð á öldrunarstofnun eða eiga áfram íbúð, sem ekki er leigð út eða nýtt af skyldmönnum.

4. gr.

Afslátturinn er hlutfallslegur og tekur tillit til allra skattskyldra tekna, þ.m.t. eigna- og fjármagnstekna ársins 2015, samkvæmt skattframtali 2016.

Tekjumörk eru sem hér segir:

Fyrir einstaklinga:

Einstaklingar:

100 %	0.- til 2.364.000.-
75 %	2.364.001.- til 2.575.000.-
50 %	2.575.001.- til 2.824.000.-
25 %	2.824.001.- til 3.112.000.-

Fyrir samskattaða:

100 %	0.- til 4.017.000.-
75 %	4.017.001.- til 4.379.000.-
50 %	4.379.001.- til 4.800.000.-
25 %	4.800.001.- til 5.208.000.-

5. gr.

Hafi orðið veruleg breyting á högum umsækjenda er heimilt að víkja frá reglum varðandi búsetu í íbúð og viðmið um tekjumörk sl. árs.

Hér er einkum átt við sérstök tilvik, s.s.:

- Þegar maki hefur fallið frá á árinu og tekjur lækkað verulega.
- Ef um skyndilega örorku er að ræða sem hefur veruleg áhrif til lækkunar tekna.
- Þegar viðkomandi hefur flutt úr eigin íbúð á öldrunarstofnun en á íbúðina áfram, enda sé hún ekki leigð út eða nýtt af skyldmönnum. Í slíkum tilvikum er heimilt að lækka fasteignaskatt í allt að 3 ár.

Umsóknir skv. þessari grein skulu afgreiddar af sveitarstjórn.

Samþykkt í sveitarstjórn 11. desember 2015